



Verklagsreglur vegna hljóðritunar á sveitarstjórnarfundum í Hvalfjarðarsveit

1. Reglulegir sveitarstjórnarfundir skulu almennt vera hljóðritaðir og upptökur gerðar aðgengilegar á vef sveitarfélagsins svo fljótt sem auðið er.
2. Oddviti skal tilkynna sveitarstjórnarmönnum þegar hljóðritun hefst, þegar hlé er gert á hljóðritun og hvenær hljóðritun lýkur.
3. Oddviti getur gert hlé á upptöku milli dagskrárlíða.
4. Gera skal hlé á upptöku meðan á fundarhléi stendur
5. Oddviti skal kynna hvern dagskrárlíð áður en umræða um hann hefst og sjá til þess að hljóðritun sé hafin ef hlé hefur verið gert á henni milli dagskrárlíða. Hann tilkynnir einnig með skýrum hætti þegar umræðu um dagskrárlíð eða afgreiðslu hans lýkur eftir því sem við á.
6. Þegar sveitarstjórn samþykkir að funda fyrir luktum dyrum samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins skal gera hlé á hljóðritun. Þegar svo ber undir tilkynnir oddviti að gert verði hlé á upptöku vegna eðli máls og vísar í samþykktir sveitarfélagsins. Leiki minnsti vafi á því hvort hljóðritun hafi verið stöðvuð skal oddviti sjá til þess að hljóðupptakan sé könnuð og lagfærð áður en hún er gerð opinber.
7. Oddviti skal láta þess getið í upptöku ef sveitarstjórnarmaður víkur af fundi og, eftir atvikum, varamaður kemur í hans stað.
8. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarfundur fari fram þrátt fyrir að upptökubúnaður sé ekki fyrir hendi eða hann óvirkur.

Verklagsreglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 14. september 2010.

Laufey Jóhannsdóttir [sign]
Sveitarstjóri